

## Læknaðu menn

*eftir Ólöfu Sigurðardóttur frá Hlöðum (1857 - 1933)*

Ertu í blænum æðsti, mesti,  
eru í sænum djúpin þín?  
Þeim, sem bæna flétta festi,  
finnst þeir mæna í augun þín.

Æ, hví fá menn ekki að sjá þig,  
eignast frá þér sannleikann?  
Ótal þrá, en engir sjá þig,  
engir sjá þig nema hann.

Kveiktu að renni upp kærleikssólin,  
Kristur, ennþá gakk um kring.  
Ljós þín brenna láttu um jólin,  
læknaðu menn af vitfíring.

## Kenndu mér

*eftir Ólöfu Sigurðardóttur frá Hlöðum*

Lengi var ég lítil, snauð,  
lagðist þungt í efa.  
Loksins fann ég feikna auð,  
fékk hann til að gefa.

Sá ég og heyrði hinna nauð,  
hróp úr myrkri efa,  
hélt á krafti og kynja auð  
kunni ekki að gefa.

Áköf löngun í mér brann  
annarra hungur sefa.  
Kyntu, guð minn, kærleikann,  
kenndu mér að gefa.

## Oddur horfir í ljós

*Barnagæla*

Oddur horfir í ljós  
og aldrei grætur.  
Fyrir það má fá hrós  
hve fallega hann lætur.  
Sjónarglerin sem rós  
og senn ganga fætur  
og nú lengjast nætur.

# Lítill

*eftir Ólöfu Sigurðardóttur frá Hlöðum*

Lítill máttur lyfti mér,  
Lítið gerði eg með hann.  
Lítill kom og lítill er,  
lítill fer ég héðan.

Aldrei viður vænn og hár  
vex í hrjósturlandi.  
Líkaminn er limasmár,  
lítillsigldur andi.

Ef ég loksins ljósheim næ,  
lífs þar stigin hækka.  
Skilyrðin ögn skárri fæ  
skyldi eg ekki stækka?